við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Framan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   3. gr. laganna orðist svo:
   Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar opinberar skemmtanir: a) Ódýrir fræðandi fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fé, svo sem stúdentafyrirlestrar. b) Innanfélagsskemmtanir, sem aðeins eru fyrir félaga og gesti þeirra. Ef það sannast, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðast sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr. 2. flokki. c) Dansleikir skóla, annarra en dansskóla, og skólafélaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og séu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.
   Veita skal undanþágu frá því að greiða skemmtanaskatt af skemmtunum, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefnum, er miða að almenningsheill, enda fylgi beiðni um slíkar undanþágur reikningsuppgjör fyrir hlutaðeigandi skemmtanir.
   Ráðherra ákveður nánar með reglugerð um framkvæmd þessara undanþága.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, o. fl.